



KENNIR ÁRANGURSRÍKA SAMNINGATÆKNI


Texti: **Björk Eiðsdóttir**

Diana Buttu er palestínsk-kanadískur lögfræðingur sem hefur sérhæft sig í samningaviðræðum, alþjóðalögum og alþjóðlegum mannréttindum. Hún hefur m.a. tekið þátt í samningaviðræðum í deilu Ísraela og Palestínumanna auk þess sem hún er eftirsóttur álitsgjafi í bandarískum fjölmiðlum. Hún hefur í mörg ár kennt við endurmenntunardeild Harvard háskóla en einnig komið nær árlega til Íslands frá árinu 2012 og haldið námskeiðið sitt *Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness* hjá Endurmenntun HÍ og gerir það aftur í byrjun næsta árs.

Aðspurð um bakgrunn sinn og starf segist Diana hafa varið fjölmörgum árum sem lögfræðilegur álitsgjafi fyrir palestínska sáttateymið. „Í því starfi tók ég þátt í samningaviðræðum á milli Ísrael og Palestínu. Ég starfa einnig við kennslu í samningaviðræðum við Harvard Extension School og lögfræðideild Háskólans í Windsor. Við kennslu í samningatækni blanda ég saman grunnrannsóknum og reynslu minni úr atvinnulífinu.“ En hverjum myndi helst gagnast að bæta samningatækni sína? „Nú þegar heimurinn er sífellt að minnka og fólk helst að meðaltali ekki lengur en fimm ár í sama starfi er bætt samningatækni nauðsyn fyrir alla. Það er áhugaverð staðreynd að fólkið sem ver miklum tíma í samningaviðræðum, þ.e. stjórnendur, ættu að ná sem bestum árangri en sú er ekki raunin. Rannsóknir hafa sýnt að minna en fjögur prósent yfirmanna ná fram niðurstöðu í samningaviðræðum þar sem báðir aðilar ganga sáttir frá borði og 20 prósent yfirmanna gera samninga þar sem hvorugur aðilinn græðir. Þessar niðurstöður sýna glögglega að nægt rými er fyrir umbætur – og þær eru klárlega mögulegar,“ segir Diana.

ÍSLAND GOTT FORDÆMI Í SAMNINGATÆKNI

Þar sem Diana hefur margra ára reynslu af því að kenna Íslendingum er ekki úr vegi að spyrja hvort hún finni mun á því að kenna hér á landi og annars staðar. „Svo sannarlega, ég

elska Ísland og Íslendinga. Þetta er fallegasta land sem ég hef komið til og hér býr hlýjasta og fallegasta fólk sem ég hef hitt. Ísland er ólíkt öllum þeim stöðum sem ég hef heimsótt og hér ríkir ekki þessi grimma samkeppni þar sem öllum bolabrogðum er beitt eins og ég hef kynnst annars staðar. Íslendingar setjast við samningaborðið með það að leiðarljósi að sýna skilning og viðhalda góðu sambandi. Í hvert sinn sem ég kem hingað finn ég eitthvað nýtt til að dást til við landið og þjóðina. Þið hefðuð getað valið einangrunarstefnu og heimóttarskap en í stað þess eruð þið opin, alþjóðlega sinnuð og sýnið samhygð. Takk fyrir að sýna gott fordæmi! 

Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness

Hvar: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7

Hvenær: 6. febrúar 2018, kl. 9-16.30

Snemmskráning á námskeiðið til 10. janúar 2018